

## AUGLÝSING

### um breyting á lyfsöluskrá.

115  
9. júní

Frá 15. þessa mánaðar hækkar verð erlendra sérlyfja (verksmiðjulyfja) um 20% frá greindu verði í lyfjaskrá II frá 20. september 1936, sbr. breytingar á þeirri skrá frá 1. nóvember 1937 og 4. ágúst 1938.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 9. júní 1939.*

**Stefán Jóh. Stefánsson.**

*Gústav A. Jónasson.*

## SAMÞYKKT

### fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga.

116  
21. júní

#### 1. gr.

Félagið heitir Fiskræktar- og veiðifélag Miðfirðinga. Skammstafað F. V. M. Heimili þess og varnarþing er Ásbyrgi í Miðfirði.

#### 2. gr.

- Tilgangur félagsins er að auka laxveiði á félagssvæðinu og arð af henni, með því:
- a. að stunda laxaklak eða kaupa laxaseiði til uppeldis, þegar það er samþykkt á aðalfundi;
  - b. að reka laxveiði fyrir alla félagsmenn sameiginlega á einum stað eða fleirum, ef henta þykir og aðalfundur samþykkir með  $\frac{2}{3}$  greiddra atkvæða;
  - c. að friða ána fyrir hverskonar aðferðum til laxveiða nema stangaveiði, samkvæmt þeim reglum og ákvörðunum er félagsstjórn leggur til og lögmaður félagsfundur samþykkir með  $\frac{2}{3}$  greiddra atkvæða;
  - d. að stuðla að því að nema burtu úr ánum tálmanir fyrir laxgöngu, er henta þykir og aðalfundur samþykkir.

#### 3. gr.

Félagssvæðið eru allar þær jarðir, sem lönd eiga að Miðfjarðará og ám þeim, er í hana falla, að undanteknum þeim jörðum sem land eiga eingöngu að Austurá fyrir framan Kambfoss. Þær jarðir, sem félagið nær yfir eru þessar: Stóri-Ós, Saurar, Ytri-Reykir, Syðri-Reykir, Efri-Torfustaðir, Neðri-Torfustaðir, Urriðaa, Bjarg, Bjargshóll, Uppsali, Litlibakki, Barkarstaðir, Barkarstaðasel, Skárastaðir, Núpsdalstunga, Efri-Núpur, Þverá, Foskot, Neðri-Núpur syðri, Neðri-Núpur ytri, Torfustaðir, Haugur, Litli-Hvammur, Litlatunga, Litlaþverá, Skeggjastaðir, Dalgeirsstaðir, Húkur, Kollafoss, Huppahlíð, Brekkulækur, Króksstaðir, Staðarbakki, Melstaður, Barð, Sandar.

#### 4. gr.

Félagið starfrækir laxaklak samkv. 1. gr. a. á þeim stað eða stöðum, sem félagsstjórnin velur í samráði við fiskræktarráðunaut. Kostnaði við það og öðrum gjöldum skal jafna á félagsmenn eftir þeim hlutföllum, sem arðskrá félagsins tiltekur.

#### 5. gr.

Arði af veiði félagsins skal skipta á félagsmenn samkvæmt arðskrá, sem lögmaður fundur samþykkir og hlotið hefir stjórnarráðsstaðfestingu. Arðskráin skal